

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/1069*  
*komudagur 24.2.2004*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Bifröst, 20. febrúar 2004

Efni: Umsögn Skólafélags Viðskiptaháskólans á Bifröst um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögmenn nr. 77/1998. 130. löggjafarþing 2003-2004. Þingskjal 671 – 463. mál.

Háttvirta allsherjarnefnd,

Ofangreint frumvarp hefur verið mikið í umfjöllun undanfarið og ekki að ástæðulausu. Verið er að stíga mikilvægt skref í átt að jafnræði með þessu frumvarpi og skiptir það miklu máli varðandi framtíð Viðskiptaháskólans á Bifröst.

Síðan háskólanám hófst hér á landi hefur Háskóli Íslands einn útskrifað nemendur með embættispróf í lögfræði, sem verið hefur skilyrði til að öðlast málflutningsréttindi. Með sókn í menntamálum hefur háskólum fjölgað og er það mikilvæg og góð þróun. Með aukinni samkeppni um nemendur berjast skólar um að bjóða uppá sem besta menntun og laða til sín afbragðsnemendur, og er það fagnaðarefni að aldrei áður hefur staðið jafnfjölbreytt nám til boða hér á landi.

En gæta verður þess að lagaumhverfið sem við búum við verði ekki til þess að hamla þessari mikilvægu þróun í menntamálum. Löggjöfin verður líka að þróast. Því telur Skólafélag Viðskiptaháskólans á Bifröst þetta frumvarp að mestu leyti vera skref í rétta átt.

Í a-lið 4. gr. frumvarpsins er lagt til að 4. tl. 1. mgr. 6. gr. laga um lögmenn verði breytt í þá átt að fleiri háskólar hér á landi en Háskóli Íslands geti útskrifað nemendur með heimild til að afla sér lögmannsréttinda. Þessi breyting er mikilvægt skref í átt að jafnræði og leggur Skólafélagið því höfuðáherslu á að þessi breyting á lögum um lögmenn nái fram að ganga, enda mikið hagsmunamál á ferð sem nær ekki bara til háskóla og nemenda þeirra, heldur þeirra sem munu fá að njóta þess að geta valið á milli fjölbreyttra háskóla til að leggja stund á laganám.

Í b-lið 4. gr. frumvarpsins er fjallað um starfsreynslu til að geta öðlast réttindi til að starfa sem héraðsdómsslögmaður. Þetta á að mati Skólafélagsins ekki heima í frumvarpinu. Með þessu er verið að ýta undir kunningjaþjóðfélag og það er eitthvað sem á frekar að reyna að losna við en stuðla að. Þetta getur haft slæmar afleiðingar og gæti leitt til þess að einungis þeir sem þekkja til eða hafa tengsl við lögmenn geti uppfyllt þetta ákvæði og þannig verði ekki litið fyrst og fremst til árangurs í námi eða annarrar getu. Einnig mætti benda á að í ár hefur verið ákveðið að ekki megi ráða nema í stöður hjá héraðsdómstólum nema þeir séu tilbúnir að vinna án endurgjalds, vegna niðurskurðar á fjárveitingu til dómstóla. Með þessu ákvæði er nemum því ýtt út í að starfa í láglaunastörfum og jafnvel frítt til að geta nálgast sína menntun. Einnig er

hætta á að með þessu hljóti þeir lögmenn sem eru starfandi á hverjum tíma full mikil yfirráð yfir stéttinni, þ.e. að þeir geti ráðið hversu marga nema þeir taka til starfa til sín. Þeir geti því í raun stýrt inngöngu í greinina.

Skólafélag Viðskiptaháskólans á Bifröst leggur því til að b-liður 4. gr. er varðar starfsreynslu falli út úr frumvarpinu. Að öðru leyti á frumvarpið stuðning Skólafélagsins vísan.

F.h. Skólafélags Viðskiptaháskólans á Bifröst

*Bjarki R. Kristjánsson*

Bjarki Rafn Kristjánsson  
Formaður Skólafélagsins

[bjarkik@bifrost.is](mailto:bjarkik@bifrost.is)

868-3439